

Fundur samstarfsnefndar Reykjavíkurborgar og Sálfræðingafélags Íslands þann 10. desember 2015 kl. 13:00 haldinn í húsakynnum Ríkissáttasemjara Borgartúni 21.

Mættir:

F.h. Sálfræðingafélags Íslands: *Guðfinna Halla Þorvaldsdóttir*

F.h. Reykjavíkurborgar: *Atli Atlason og Lóa Birna Birgisdóttir*

1. Aðilar eru sammála um að eingreiðslur sem greiddar eru samkvæmt samningi um breytingu og framlengingu á kjarasamningi aðila sem undirritaður var 10. desember 2015 náí til allra starfsmanna sem eru í föstu ráðningarsambandi, þar á meðal þeirra sem eru í fæðingarorlofi, utan þeirra sem eru í launalausú leyfi.
2. Aðilar eru sammála um að skoða á samningstímanum föst laun félagsmanna Sálfræðingafélags Íslands í störfum sálfræðings 1, 2 og 3, í sérfræðipjónustu skóla, til samanburðar við föst laun samanburðarstétta í sérfræðipjónustu við skóla, (til dæmis kennsluráðgjafa). Komi í ljós ómálefnalegur munur (út frá viðurkenndum skilgreiningum) á föstum launum þá mun samstarfsnefnd ræða hvernig brugðist verði við því.
3. Aðilar eru sammála um fylgja eftir ósk um að mati á störfum sálfræðings 3 og 4 í starfsmatskerfi borgarinnar skuli lokið fyrir 1. mars 2016.
4. Aðilar eru sammála um mikilvægi þess að skapa svigrúm í daglegu starfi sálfræðinga til að sinna nauðsynlegri faglegri þróun / símenntun.

Jón Birna Birgisdóttir
Atli

Guðfinna Þorvaldsdóttir